

Kópavogsbær
Skipulagsstjóri
Fannborg 2
200 Kópavogur

29. september 2017
MÍ201708-0040/ 6.09 / G.G.G.

Efni: Kópavogur, Nónhæð - fornleifaskráning vegna deiliskipulags.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið skýrslu Fornleifafræðistofunnar: *Bjarni F. Einarsson, Fornleifakönnun vegna deiliskipulags á Nónhæð í Kópavogi*, dags. 18.9.2017, sem unnin var vegna deiliskipulags Nónhæðar, sbr. bréf Minjastofnunar frá 7.9.2017.

Hér með er staðfest að skráningin fullnægir kröfum Minjastofnunar um skráningu fornleifa vegna deiliskipulags eins og kveðið er á um í 15. og 16. greinum laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Minjastofnun Íslands hefur ekki athugasemdir við tillög að deiliskipulagi Nónhæðar.

Vakin er athygli á ákvæðum 24. grein laga um menningarminja nr. 80/2012 þar sem segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Guðný Gerður Gunnarsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Afrit sent:

Kópavogsbær (kopavogur@kopavogur.is)
Birgir H. Sigurðsson (birgir@kopavogur.is)
Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis
Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

**Guðný Gerður
Gunnarsdóttir**
Minjavörður Reykjavíkur og
nág. guðnygerdur@minjastofnun.is



Ægisgata 10, 101 Reykjavík s. 551 1395/821 1395, Netfang:
fornstofan@fornstofan.is

Reykjavík 18. september 2017.

Fornleifakönnun vegna deiliskipulags á Nónhæð í Kópavogi

Að beiðni Kópavogsbæjar kannaði undirritaður Nónhæð í Kópavogi vegna skipulags svæðisins. Nónhæð er eyktarmark nr. 29 í Fornleifaskrá Kópavogs (Bjarni F. Einarsson 2000). Farið var á vettvang þann 18. september 2017.

Engin mannvirki eru á Nónhæð, utan nýlega gerður grjót- og moldarhringur og leifar af ungum kartöflugörðum sem ekki teljast til fornleifa. Nónhæð er náttúrulegt viðmið í landslagi, eins og oft er um eyktarmörk, áberandi hóll, fjallstindur, hamrar o.s.frv. sem kom í stað manngerðra mannvirkja (varða).

Komi fornleifar hins vegar í ljós við framkvæmdir á svæðinu er skylt að tilkynna það Minjastofnun Ísland eins fljótt og auðið er og stofnunin ákveður hvort og með hvaða skilmálum verkið megi fram halda. Fulltrúi verkkaupa var Birgir Hlynur Sigurðsson, skipulagsstjóri Kópavogs.

Bjarni F. Einarsson,
fornleifafraeðingur.


Heimildir

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskrá Kópavogs*. Fornleifafraeðistofan 2000.
Lög um menningarminjar nr. 80, 29. júní 2012. þingskjal 1490, 126.



Mynd 1. Skipulagssvæði Nónhæðar. (Teikn. Arkís arkitektar).

Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>		<i>Sveitarfélag</i>		<i>Tákntala</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i> 29	
Gullbringusýsla		Kópavogur		1000			
<i>Landareign</i>		<i>Mí.Nr</i>		<i>Heiti</i>		<i>Undirnr.</i> 1	
Fífuhvammur		-		Nónhæð			
<i>Skrásetjari</i>		<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>		<i>Viðmiðun M.y.s.</i>	<i>Skekki</i>	
Bjarni F. Einarsson		18.9.2017	N 402613,733 E 358935,616		Isn 95	- 5,2	
<i>Tegund minja</i>		<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>		<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>		
Eyktarmark		Nón 2017			1		
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Í eyði</i>	<i>Tímab. hættumat</i>	<i>Tímab. hætta</i>	
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	-	Skipulag	Mikil	
<i>Minjagildi</i>		<i>Einkunn</i>	<i>Varðveislugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>	<i>Friðlýsa?</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Hvener</i>
Lítið		2	Lítið	2	Nei	Nei	-
<i>Legu og staðhættir</i>				<i>Heimildir og munnmæli</i>			
Efst á Nónhæð.				Örnefnaskrá. Örnefni í heimalandi Kópavogskaupstaðar og næsta nágrennis þess. Safnað hefur Adolf J.E. Petersen. Handrit. Örnefnastofnun. Örnefni í bæjarlandi Kópavogs. Jarðirnar Digranes, Fífuhvammur, Kópavogur og Vatnsendi. Guðlaugur R. Guðmundsson skráði og staðsetti örnefnið. Handrit. Örnefnastofnun. 1990.			
<i>Lýsing</i>				<i>Teikni</i>			
Eyktarmark. Líklega er staðurinn eyktarmark frá Fífuhvammi. Engin gömul mannvirki sjást á staðnum, en nýlega hefur verið byggður hringlaga garður úr jarðvegi með opi til norðurs. Lúpína hefur náð að hylja nær alla hæðina. Á henni hafa kartöflugarðar verið nytjaðir á síðari tímum. GPS var mælt í miðju hringsins.							
				<i>Ljósmyndari</i>			
				Bjarni F. Einarsson			
				<i>Filma nr./teg. myndar</i>			
				Stafræn. Olympus C-820L			
<i>Athugasemdir</i>							
Fyrst mælt þann 14.4.2000: N 64°05.50 W 021°53.38							

Mynd 2. Fornleifar nr. 29 í Kópavogi. (Úr fornleifaskrá Kópavogs, með viðbótum. Fornleifafræðistofan).